



Garðabær 21.mars 2017

Berist til: Gunnars Einarssonar, Bæjarstjóra Garðabæjar &

Guðjóns Erlings Friðrikssonar, Bæjarritara Garðabæjar.

Erindi: Beiðni fyrir leyfum á auglýsingaskiltum í Garðabæ.

Í erindi þessu óska ég fyrir hönd UMF Stjörnnunnar leyfi fyrir því að fá að setja upp Led auglýsingaskilti á lóðum við Kaupþún og Litlatún í Garðabæ eða Arnarneshæð.

Þann 10.mars síðastliðinn hittust stjórnendur UMF Stjörnnunnar, bæjarritari og íþróttafullrúi til að fara yfir ársuppgjör deilda félagsins. Ljóst er að rekstur meistaraflokka félagsins hefur harðnað mikið síðastliðið ár og hafa tekjum af styrkjum almennt minnkað með breyttu landslagi í markaðsmálum. Forsvarsmenn félagsins og deildanna hafa því farið í talsverða naflaskoðun á hvernig hægt er að mæta þessum breyttu aðstæðum og efla aftur tekjumyndun meistaraflokka. Auglýsingaskilti líkt og þessi virðast vera að koma ný inn á markaðinn í dag og áhugi fyrirtækja meiri fyrir þessum auglýsingaleiðum en þeim sem félagið hefur geta boðið hingað til.

Það er því ósk okkar í UMF Stjörnunni að fá leyfi frá stjórnendum Garðabæjar fyrir því að setja upp skilti líkt og þessi, á áður tilnefndum stöðum í bænum. UMF Stjarnan er stolt af því öflugra afreksstarfi sem félagið stendur fyrir en ljóst að ef vilji er til að halda því áfram þarf að finna fleiri fjáröflunarleiðir til að fjármagna starfið því árangursmiðað og faglegt meistaraflokksstarf er einnig kostnaðarsamt.

Með von um góðar undirtektir

Fyrir hönd UMF Stjörnnunnar

Ása Inga Þorsteinsdóttir

Framkvæmdastjóri UMF Stjarnan